

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 96/57/EB

frá 3. september 1996

um kröfur um orkunýtni rafknúinna kæliskápa, frystiskápa og sambygðra kæli- og frystiskápa til heimilisnota

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 100. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. b í sáttmálanum ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Mikilvægt er að gerðar verði ráðstafanir til að tryggja að innri markaðurinn starfi hnökralaust.
- 2) Í ályktun sinni frá 15. janúar 1985 um úrbætur á áætlunum um orkusparnað í aðildarríkjunum ⁽⁴⁾ fór ráðið þess á leit við aðildarríkin að þau reyndu eftir megni að stuðla að skynsamlegri orkunýtni og efldu þá viðleitni sína ef þurfa þætti með því að þróa enn frekar samþætta orkusparnaðarstefnu.
- 3) Verulegur hluti af raforkunotkun heimila í bandalaginu, og þar af leiðandi af heildarorkunotkun, stafar af notkun kælitækja til heimilisnota. Hinar ýmsu gerðir kælitækja á boðstólum í bandalaginu nota afar misjafnlega mikla orku miðað við tiltekið rúmmál og sambærilegan útbúnað, með öðrum orðum er orkunýtni þeirra mjög breytileg.
- 4) Í sumum aðildarríkjunum er nú verið að samþykka ákvæði um nýtni kæli- og frystiskápa til heimilisnota og kann það að skapa hindranir á viðskiptum með þessar vörur í bandalaginu.
- 5) Það er við hæfi að taka upp sem viðmiðun víðtæka vernd í tillögum um samræmingu ákvæða sem mælt er fyrir um í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um heilbrigði, öryggi, umhverfisvernd og neytendavernd. Þessi tilskipun tryggir víðtæka vernd fyrir umhverfi og neytendur því hún miðar að því að auka verulega orkunýtni þessara tækja.
- 6) Samþykkt slíkra ráðstafana er á valdsviði bandalagsins. Kröfurnar í þessari tilskipun ganga ekki lengra en nauðsynlegt er til að markmið hennar náist og uppfyllir því kröfur 3. gr. b í sáttmálanum.
- 7) Enn fremur fjallar 130 gr. r í sáttmálanum um umhverfisvernd og -úrbætur og að auðlindir náttúrunnar skuli nýttar af varúð og skynsemi, en þessi tvö markmið eru meðal stefnumiða bandalagsins í umhverfismálum. Um 30% af koltvísýringslosun (CO₂) af mannavöldum í bandalaginu stafar af raforkuframleiðslu og -notkun og er sú notkun um 35% af frumorkunotkuninni. Þessar hundraðshlutatölur fara hækkandi.
- 8) Enn fremur er tvíþætt markmið ákvörðunar ráðsins 89/364/EBE frá 5. júní 1989 um aðgerðaáætlun bandalagsins til að auka raforkunýtni ⁽⁵⁾ að hvetja neytendur til að velja tæki og búnað með mikla raforkunýtni og að auka nýtni tækja og búnaðar.
- 9) Niðurstöður ráðsins frá 29. október 1990 fólu í sér það markmið að ná tókum á samanlagðri koltvísýringslosun (CO₂) í bandalaginu öllu þannig að árið 2000 verði hún komin niður í það sem hún var 1990. Til þess að þetta markmið náist er þörf á öflugri ráðstöfunum til að ná tókum á CO₂-losun í bandalaginu.
- 10) Með ákvörðun 91/565/EBE ⁽⁶⁾ var sett á laggirnar áætlun til að stuðla að orkunýtni í bandalaginu (SAVE-áætlunin).
- 11) Búnaður til aukinnar orkunýtni, sem er hluti af nýjustu tegundum kælitækja á boðstólum, eykur ekki framleiðslukostnað þeirra til muna og getur staðið undir stofnkostnaði við hann með raforkusparnaði innan nokkurra ára eða jafnvel fyrr. Í þessum útreikningi er

⁽¹⁾ Stj.úð. EB nr. C 390, 31. 12. 1994, bls. 30; og Stj.úð. EB nr. C 49, 20. 2. 1996, bls. 10.

⁽²⁾ Stj.úð. EB nr. C 155, 21. 6. 1995, bls. 18.

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 26. október 1995 (Stj.úð. nr. C 308, 20. 11. 1995, bls. 134), sameiginleg afstaða ráðsins frá 11. mars 1996 (Stj.úð. EB nr. C 120, 24. 4. 1996, bls. 10) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 18. júní 1996 (Stj.úð. EB nr. C 198, 8. 7. 1996).

⁽⁴⁾ Stj.úð. EB nr. C 20, 22. 1. 1985, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stj.úð. EB nr. L 157, 9. 6. 1989, bls. 32.

⁽⁶⁾ Stj.úð. EB nr. L 307, 8. 11. 1991, bls. 34.

- ekki gert ráð fyrir þeim viðbótarávinningi sem lækkun kostnaðar vegna raforkuframleiðslu hefur í för með sér, til dæmis hvað varðar losun koltvísýrings (CO₂) og annarra mengunarefna.
- 12) „Náttúrulegur“ ávinningur í orkunýtni vegna markaðsþrýstings og bættra framleiðsluáðferða, en hann er metinn til um 2% á ári, mun stuðla að því að strangari kröfur um orkuneyslu verði innleiddar.
- 13) Í tilskipun 92/75/EBE ⁽¹⁾ (rammatilskipuninni) og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/2/EB ⁽²⁾ (tilskipunin til framkvæmdar tilskipun 92/75/EBE), er krafist skyldumerkingar á tækjum og að orkuneysla sé með öðrum hætti tilgreind, og mun það auka skilning neytenda á orkunýtni kælitækja til heimilisnota. Þessar ráðstafanir munu því einnig verða til að hvetja hina ýmsu samkeppnisaðila til að auka orkunýtni tækja sinna umfram það sem krafist er samkvæmt þessari tilskipun. Til þess að upplýsingar til neytenda nýtist þeim til hins ítrasta og heildar meðalnýtni seldra tækja aukist til muna skal þeim fylgja tilvísun í staðla.
- 14) Þessi tilskipun, sem er ætlað að afnema tæknilegar hindranir í tengslum við að auka orkunýtni kælitækja til heimilisnota, skal fylgja hinni „nýju aðferð“ sem kynnt er í ályktun ráðsins frá 7. maí 1985 um nýja aðferð á sviði tæknilegrar samhæfingar og staðla ⁽³⁾ þar sem sérstaklega er mælt fyrir um að samhæfing laga verði takmörkuð við að samþykkja, með tilskipunum, grunnkröfurnar sem markaðssettar vörur verða að uppfylla.
- 15) Þörf er á skilvirkum framkvæmdarreglum til að tryggja að tilskipuninni sé hrint í framkvæmd með viðeigandi hætti, að réttlát samkeppni milli samkeppnisaðila sé tryggð og réttur neytenda sé verndaður.
- 16) Taka ber tillit til ákvörðunar ráðsins 93/465/EBE frá 22. júlí 1993 um aðferðareiningar fyrir hin ýmsu þrep samræmismatsins og reglur um áfestingu og notkun CE-samræmismerkja sem ætlað er að nota í tilskipunum um tæknilega samhæfingu ⁽⁴⁾.
- 17) Nota skal alþjóðastaðla í þágu alþjóðaviðskipta þegar nauðsyn krefur. Raforkunotkun kælitækis er skilgreind í staðli Staðlasamtaka Evrópu, EN 153 frá júlí 1995,

sem byggist á alþjóðastaðli.

- 18) Þau kælitæki til heimilisnota, sem uppfylla kröfur þessarar tilskipunar um orkunýtni, skal merkja með CE-merkinu ásamt tilheyrandi upplýsingum þannig að hægt sé versla með þau hindrunarlaust.
- 19) Þessi tilskipun takmarkast við kælitæki til heimilisnota sem ætlað er að geyma matvæli og ganga fyrir rafmagni úr almennri rafmagnsveitu að undanskildum þeim sem framleidd eru samkvæmt sérstökum tækniforskriftum. Kælibúnaður til nota í atvinnuskyni er miklu breytilegri að gerð og því er ekki viðeigandi að um hann sé fjallað í þessari tilskipun.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Þessi tilskipun gildir um nýja kæliskápa, frystihólf, matvælafrysta og sambyggða skápa af þessu tagi til heimilisnota sem nota rafmagn svo sem skilgreint er í I. viðauka og hér eftir nefnd „kælitæki“. Tilskipunin tekur ekki til tækja sem geta einnig nýtt annars konar orkugjafa, einkum orkusafnara, og kælitækja til heimilisnota sem byggjast á gleyptilögmálinu og tækja sem eru framleidd samkvæmt sérstökum tækniforskriftum.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að eingöngu megi setja kælitæki, sem þessi tilskipun tekur til, á markað í bandalaginu ef viðkomandi tæki notar ekki meira rafmagn en sem nemur gildi leyfilegrar hámarksraforkunotkunar fyrir flokk þess, reiknað samkvæmt verklagsreglunum sem skilgreindar eru í I. viðauka.

2. Framleiðandi kælitækis sem þessi tilskipun tekur til, viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu eða sá sem sér um að koma tækinu á markað í bandalaginu skal tryggja að hvert tæki sem á markað fer uppfylli kröfurnar sem getið er um í 1. mgr.

3. gr.

1. Aðildarríkin mega ekki banna, takmarka eða hindra markaðssetningu kælitækja á sínu landsvæði beri þau CE-merkið til marks um að þau uppfylli öll ákvæði þessarar tilskipunar.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 297, 13. 10. 1992, bls. 16.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 45, 17. 2. 1994, bls. 1.

⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. C 136, 4. 6. 1985, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjttíð. EB nr. L 220, 30. 8. 1993, bls. 23.

2. Aðildarríkin skulu líta svo á að kælítæki, sem bera CE-merkið sem krafist er samkvæmt 5. gr., samrýmist ákvæðum þessarar tilskipunar nema færðar séu sönnur á hið gagnstæða,

3. a) Ef kælítæki lúta ákvæðum annarra tilskipana um aðra þætti og þar sem einnig er kveðið á um áfestingu CE-merkja skulu þau merki gefa til kynna að kælítækin sem um ræðir teljist einnig vera í samræmi við ákvæði þessara tilskipana nema færðar séu sönnur á hið gagnstæða.

b) Ef framleiðandanum er heimilt á aðlögunartímabili, samkvæmt einni eða fleiri þessara tilskipana, að velja hvaða reglum hann beitir sýnir CE-merki eingöngu samræmi við ákvæði þeirra tilskipana sem framleiðandi beitir. Sé sú raunin skal færa tilvísunarnúmer þeirra tilskipana sem beitt er, eins og þau eru birt í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*, í skjölin, tilkynningarnar eða leiðbeiningarnar sem fylgja kælítækjunum.

4. gr.

Mælt er fyrir um reglur um samræmismat og skyldur í tengslum við CE-merkingu kælítækja í II. viðauka.

5. gr.

1. Þegar tæki eru sett á markað skulu þau bera CE-merkið sem er samsett af upphafsstöfunum „CE“. Snið merkisins sem nota skal er sýnt í III. viðauka. CE-merki skal fest á kælítæki, og ef við á, umbúðirnar, þannig að það sjáist vel og sé læsilegt og óafmáanlegt.

2. Óleyfilegt er að setja á kælítæki merki sem líklegt er að villi um fyrir þriðja aðila að því er varðar merkingu og form CE-merkisins. Setja má hvers konar aðrar merkingar á tækin, umbúðir þeirra, leiðbeiningarblað eða önnur skjöl, að því tilskildu að þær hindri ekki að CE-merkið sjáist vel og sé læsilegt.

6. gr.

1. Komist aðildarríki að því að CE-merki hafi verið sett ranglega á vöru ber framleiðanda eða viðurkenndum fulltrúa hans með staðfestu innan bandalagsins skylda til að sjá til þess að varan sé samræmd ákvæðum um CE-merki og að bundið sé endi á brotið samkvæmt skilyrðum sem aðildarríkið setur. Ef hvorki framleiðandi né fulltrúi hans hafa staðfestu innan bandalagsins skal þessi skylda hvíla á þeim sem markaðssetur kælítækið í bandalaginu.

2. Verði frekari brögð að því að varan uppfylli ekki settar kröfur skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir samkvæmt 7. gr. til að takmarka eða banna markaðssetningu vörunnar sem í hlut á eða tryggja að hún sé innkölluð af markaði.

7. gr.

1. Ef teknar eru ákvarðanir í tengslum við þessa tilskipun, sem fela í sér takmarkanir á markaðssetningu kælítækja, skal tilgreina nákvæmlega ástæðurnar fyrir þeim. Það skal tilkynnt eins fljótt og auðið er til hlutaðeigandi aðila og honum um leið kynnt þau lagaúrræði sem hann getur nýtt sér samkvæmt lögum sem eru í gildi í hlutaðeigandi aðildarríki og sá frestur sem hann hefur til þess.

2. Aðildarríkið skal tilkynna framkvæmdastjórninni þegar í stað um allar slíkar ráðstafanir og geta ástæðna fyrir ákvörðun sinni. Framkvæmdastjórnin skal miðla þessum upplýsingum til annarra aðildarríkja.

8. gr.

Innan fjögurra ára frá samþykki þessarar tilskipunar skal framkvæmdastjórnin leggja mat á þann árangur sem hefur náðst í samburði við það sem búist var við. Með það í huga að koma endurbótum á orkunýtni á næsta stig skal framkvæmdastjórnin þá íhuga, í samráði við hagsmunaaðila, hvort nauðsynlegt sé að mæla fyrir um röð annarra viðeigandi ráðstafana til að bæta verulega orkunýtni kælítækja til heimilisnota. Reynist svo vera skal sérhver ráðstöfun til bættar orkunýtni og gildistöku dagur hennar byggjast á orkunýtnistigi sem hægt er að réttlæta bæði efnahagslega og tæknilega í ljósi aðstæðna á þeim tíma. Aðrar ráðstafanir, sem teljast viðeigandi til að bæta orkunýtni kælítækja til heimilisnota, skulu einnig teknar til athugunar.

9. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnisýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari innan árs frá samþykki hennar. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Aðildarríkin skulu beita þessum ákvæðum innan þriggja ára frá samþykki þessarar tilskipunar að telja.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. Um þriggja ára skeið eftir samþykkt þessarar tilskipunar skulu aðildarríkin heimila markaðssetningu kælitækja sem uppfylla sömu skilyrði og þau sem beitt er á yfirráðasvæði þeirra daginn sem þessi tilskipun er samþykkt.

10. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugusta degi frá því að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

11. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 3. september 1996.

Fyrir hönd

Evrópuþingsins,

K. HÄNSCH

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

I. YATES

forseti.

I. VIÐAUKI

AÐFERÐ TIL AÐ REIKNNA ÚT LEYFILEGA HÁMARKSRAFORKUNOTKUN KÆLITÆKIS OG VERKLAGSREGLUR VIÐ SANNPÓFUN Á SAMRÆMI

Raforkunotkun kælitækis (sem má gefa upp í kWh á sólarhring) er háð þeim tækisflokki sem það tilheyrir (t.d. kælikápur með einni stjórn, frystikista o.s.frv.), rúmmáli þess og orkunýtni gerðarinnar, (þykkt einangrunar, nýtni þjöppu o.s.frv.) og mismun á umhverfishita og hita inni í tækinu. Við setningu orkunýtnistaðla ætti því að gera ráð fyrir helstu gerðarþáttum sem hafa áhrif á orkunýtni (t.d. flokki tækisins og rúmmáli þess). Af þessum sökum er leyfileg hámarksraforkunotkun kælitækis skilgreind með línulegri jöfnu sem er fall af rúmmáli tækisins og er jafnan mismunandi fyrir hvern flokk tækja.

Til þess að reikna út leyfilega hámarksraforkunotkun tiltekins tækis skal fyrst raða því í viðeigandi flokk miðað við eftirfarandi lista:

Flokkur	Lýsing
1	Kælikápur án frystihólfs ⁽¹⁾
2	Kælikápur/svalaskápur með hólfi með 5°C og/eða 12°C
3	Kælikápur með frystihólfi, án stjórnmerkingar
4	Kælikápur með frystihólfi (*)
5	Kælikápur með frystihólfi (**)
6	Kælikápur með frystihólfi (***)
7	Kælikápur/frystir með frystihólfi (****)
8	Frystiskápur
9	Frystikista
10	Kælikápur/frystir með fleiri en eina hurð eða önnur tæki sem ekki eru talin hér að ofan.

⁽¹⁾ Öll hólfi með hita sem er ekki hærra en -6°C.

Þar sem í kælitækjum eru mismunandi hólfi með mismunandi hita (en það hefur veruleg áhrif á raforkunotkun) er leyfileg hámarksraforkunotkun í reynd skilgreind sem fall af leiðréttu rúmmáli, en það er vegin summa af rúmmáli allra hólfa.

Í þessari tilskipun er leiðrétt rúmmál (V_{adj}) kælitækis skilgreint sem:

$$V_{adj} = \sum V_c \times W_c \times F_c \times C_c$$

$$W_c = (25 - T_c)/20$$

þar sem T_c er hönnunarahiti í hverju hólfi (í °C),

þar sem V_c er nettórúmmál tiltekinnar tegundar hólfs í tækinu og F_c er stuðull sem jafngildir 1,2 fyrir frostlaust hólfi og 1 fyrir önnur hólfi,

$C_c = 1$ fyrir kælitæki sem tilheyrir loftslagsflokkunum normal (N) og undirnómal (SN)

$C_c = X_c$ fyrir kælitæki sem tilheyrir heittempraða loftslagsflokknum (ST)

$C_c = Y_c$ fyrir kælitæki sem tilheyrir tempraða loftslagsflokknum (T).

Vægisstuðlarnir X_c og Y_c fyrir hinar mismunandi gerðir hólfa eru:

Tafla yfir vægisstuðlana X_c og Y_c eftir hita í hólfi

	X_c	Y_c
Svalahólf	1,25	1,35
Kælihölf	1,20	1,30
0°C-hólf	1,15	1,25
Hólf án stjórnúmerkingar	1,15	1,25
Einnar stjörnu (*) hólf	1,12	1,20
Tveggja stjarna (**) hólf	1,08	1,15
Þriggja (***) og fjögurra stjarna (****) hólf	1,05	1,10

Bæði leiðrétt rúmmál og nettórúmmál eru gefin upp í lítrum.

Hámarksraforkunotkun (E_{max}) gefin upp í kWh á sólarhring og reiknuð með tveimur marktækum aukastöfum) fyrir gerð tækis með leiðrétt rúmmál V_{adj} er skilgreind með eftirfarandi jöfnu fyrir hvern tækisflokk:

Flokkur	Lýsing	(E_{max}) (kWh/24 st)
1	Kæliskápur án frystihólfs	$(0,207 \times V_{adj} + 218) / 365$
2	Kæliskápur/svalaskápur með hólfi með 5°C og/eða 12°C	$(0,207 \times V_{adj} + 218) / 365$
3	Kæliskápur með frystihólfi, án stjórnúmerkingar	$(0,207 \times V_{adj} + 218) / 365$
4	Kæliskápur með frystihólfi (*)	$(0,557 \times V_{adj} + 166) / 365$
5	Kæliskápur með frystihólfi (**)	$(0,402 \times V_{adj} + 219) / 365$
6	Kæliskápur með frystihólfi (***)	$(0,573 \times V_{adj} + 206) / 365$
7	Kæliskápur/frystir með frystihólfi (****)	$(0,697 \times V_{adj} + 272) / 365$
8	Frystiskápur	$(0,434 \times V_{adj} + 262) / 365$
9	Frystikista	$(0,480 \times V_{adj} + 195) / 365$

Að því er varðar kæliskápa/frysta með frystihólfi og tveimur hurðum eða fleiri, eða önnur tæki ótalin hér að framan, ákvarðast leyfileg hámarksraforkunotkun (E_{max}) af hitanum og fjölda stjarna hólfsins með lágsta hitann, sem hér segir:

Hiti í kaldasta hólfi	Flokkur	E_{max} (kWh/24 st)
$> -6^\circ\text{C}$	1/2/3	$(0,207 \times V_{adj} + 218) / 365$
$\leq -6^\circ\text{C}$ (*)	4	$(0,557 \times V_{adj} + 166) / 365$
$\leq -12^\circ\text{C}$ (**)	5	$(0,402 \times V_{adj} + 219) / 365$
$\leq -18^\circ\text{C}$ (***)	6	$(0,573 \times V_{adj} + 206) / 365$
$\leq -18^\circ\text{C}$ (****)	7	$(0,697 \times V_{adj} + 272) / 365$

Verklagsreglur við sannprófun á því hvort tæki uppfyllir kröfur þessarar tilskipunar um raforkunotkun

Ef raforkunotkun kælitækis, sem fært er til prófunar, er minni en eða jöfn E_{max} (gildi leyfilegrar hámarksraforkunotkunar í sínum flokki, svo sem skilgreint er hér að ofan), að viðbættum 15%, telst tækið löggilt og uppfyllir kröfur þessarar tilskipunar um raforkunotkun. Sé raforkunotkun rækisins meiri en E_{max} , að viðbættum 15%, skal mæla raforkunotkun annarra þriggja tækja. Ef meðaltal raforkunotkunar þessara þriggja tækja er minna eða jafnt E_{max} , að viðbættum 10%, telst tækið löggilt og uppfyllir kröfur þessarar tilskipunar um raforkunotkun. Ef meðaltalið fer yfir E_{max} , að viðbættum 10%, telst tækið ekki uppfylla kröfur þessarar tilskipunar um raforkunotkun.

Skilgreiningar

Hugtökin, sem eru notuð í þessum viðauka, eru í samræmi við skilgreiningarnar í staðli Staðlasamtaka Evrópu, EN 153, frá því í júlí 1995.

II. VIÐAUKI

REGLUR UM SAMRÆMISMAT (AÐFERÐAREINING A)

1. Í þessari aðferðareiningu er því lýst hvernig framleiðandi eða fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu, sem rækir þær skyldur sem lýst er í 2. lið, ábyrgist og lýsir yfir að kælitækið fullnægi þeim kröfum tilskipunarinnar sem gilda um það. Framleiðandinn skal festa CE-merkið á hvert kælitæki sem hann framleiðir og gefa skriflega samræmisýfirlýsingu.
2. Framleiðandinn skal útbúa tækniskjölin sem lýst er í 3. lið og hann eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu skal geyma þau tiltæk til skoðunar fyrir viðkomandi yfirvöld í landinu í minnst þrjú ár eftir að síðasta tækið hefur verið framleitt.
Hafi hvorki framleiðandinn né viðurkenndur fulltrúi hans staðfestu í bandalaginu hvílir sú skylda að hafa tækniskjöl tiltæk á þeim aðila sem setur kælitækið á markað í bandalaginu.
3. Tækniskjölin skulu gera kleift að meta samræmi kælitækisins við kröfur þessarar tilskipunar. Þau skulu, að svo miklu leyti sem máli skiptir fyrir slíkt mat, taka til hönnunar, framleiðslu og vinnslu kælitækisins og innihalda:
 - i) nafn og heimilisfang framleiðandans;
 - ii) almenna lýsingu á tegundinni sem nægir til óyggjandi auðkenningar á vörunni;
 - iii) upplýsingar, þar á meðal teikningar ef við á, um helstu hönnunarsérkenni tegundarinnar og einkum atriði sem hafa greinilega áhrif á raforkunotkun hennar svo sem mál, rúmmál, þjöppunareiginleika, sérstök einkenni o.s.frv.;
 - iv) notkunarleiðbeiningar, ef þær eru fyrir hendi;
 - v) niðurstöður mælinga á raforkunotkun gerðar samkvæmt 5. lið;
 - vi) gögn um samræmi þessara mælinga í samanburði við kröfur um orkunotkun samkvæmt I. viðauka.
4. Nota má tækniskjöl, sem eru útbúin samkvæmt annarri bandalagslöggjöf, að því tilskildu að þau uppfylli kröfur þessa viðauka.
5. Framleiðendur kælitækja bera ábyrgð á að ganga úr skugga um raforkunotkun hvers kælitækis sem þessi tilskipun nær til samkvæmt verklagsreglunum sem eru tilgreindar í Evrópustaðlinum EN 153 og að tækið uppfylli kröfur 2. gr.
6. Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans skal geyma afrit af samræmisýfirlýsingunni með tækniskjölunum.
7. Framleiðandinn skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að framleiðsluferlið tryggi að framleidd kælitæki séu í samræmi við tækniskjölin sem um getur í 2. lið og við kröfur tilskipunarinnar sem gilda um þau.

III. VIÐAUKI

CE-SAMRÆMISMERKIÐ

Samræmismerkið skal samanstanda af upphafsstöfunum „CE“ með eftirfarandi sniði:

Ef CE-merkið er minnkað eða stækkað skulu hlutföllin í teikningunni hér að framan haldast óbreytt.

Einstakir hlutar CE-merkisins skulu, að svo miklu leyti sem unnt er, hafa sömu lóðréttu mál og mega þau ekki vera undir 5 mm.
